

Rivolgete a lui lo sguardo. Aría Guglielmo úr *Così van tutte*. Dulbúinn sem Albani reynir Guglielmo að sannfæra kærustu sína og kærustu vinar síns Ferrando um ágæti þeirra. *Slika menn er ekki að finna allt frá Vínarborg til Kanada. Við erum sterkari en guðirnir, við dönsum betur en álfarnir og þegar við syngjum, skammast næturgalinn sín.*

Se vuol ballare. Aría Fígarós úr *Brúðkaupi Fígarós*. Þjónninn Fígaró er nýbúinn að komast að því að ráðsherrann ætlar sér viðkvæma hluti með unnustu hans. *Viltu dansa herra Greifi? Efsvo er, skal ég leika undir á gítarinn minn.*

Serenada Don Zhuana. Spænski ástarbarónninn Don Juan reynir að lokka eina þorpsstúlkuna að glugganum þar sem hann syngur henni ástarjátningar sínar.

Þorbjörn Björnsson er fæddur 1978 í Reykjavík, en ólst upp á Egilsstöðum. Hann stundaði söngnám í Tónlistarskóla Egilsstaða undir handleiðslu Keith Reed. Þorbjörn tók þátt í óperuuppfærslum Óperustúdíós Austurlands á Eiðum og söng þar Figaro í Rakaranum frá Sevilla, Papageno í Töfraflautunni, Greifann í Brúðkaupi Figaros og Guglielmo í *Così Fan Tutte*. Árið 2002 hóf hann nám við Hochschule für Musik - Hanns Eisler í Berlín, þar sem hann hefur numið hjá Scot Weir prófessor og Bernd Riedel. Í Berlín hefur Þorbjörn tekið þátt í fjölmörgum verkefnum og má þar nefna: Gatte úr Brjóstum Tirésías eftir Poulenc, Slook í La Cambiale eftir Rossini, Ford í Falstaff eftir Verdi og greifann úr *Il Matrimonio Segreto* eftir Cimarosa. Árið 2004 hélt hann ljóðatónleika í sumartónleikaröð Listasafns Sigurjóns ásamt Ástríði Öldu Sigurðardóttur.

Þýski píanistinn **Jan Czajkowski** er þegar orðinn þekktur listamaður, sérstaklega fyrir túlkun sína á verkum eftir Mozart, Beethoven, Schubert, Schumann og Brahms þar sem hann hefur hlotið mikið lof frá áheyrendum jafnt sem og gagnrýnendum. Hann leikur einnig nútímatónlist, hefur frumflutt fjölda verka og er eftirsóttur meðleikari í kammertónlist og með ljóðasöngvurum. Hann er fæddur árið 1971 og nam hjá Paul Buck í Stuttgart og Peter Eicher í Karlsruhe þar sem hann hlaut hæstu einkunn fyrir einleik og sem kennari. Hann hefur sótt fjölda námskeiða hjá píanóleikurum og kennurum víða að úr veröldinni. Hann vann fyrstu verðlaun í International Rubinstein Piano Competition í París árið 1999 og sérstök verðlaun í International Schubert Piano Competition. Síðustu ár hefur Jan einbeitt sér að meðleik með ljóðasöng og unnið með mörgum söngvurum, þar á meðal Dietrich Fischer-Dieskau, Julia Varady og Scot Weir. Hann býr í Berlín og kennir við Hanns Eisler tónlistarháskólann.

Sumartónleikar í Listasafni Sigurjóns Ólafssonar

Þorbjörn Björnsson

baritón

Jan Czajkowski

píanó



Þriðjudaginn 18. júlí 2006 kl. 20:30

Come again. Sweet love doth now invite. John Dowland samdi lag og texta fyrir söngrodd og lútu. *Að sjá, að heyra, að snerta, að kyssa, að deyja aftur með þér.*

Mystery og Secresy. Tvö lög úr *Álfadrottningunni* sem byggir á *Draumi á Jónsmessunótt* eftir William Shakespeare. **Dulúð:** *Ástin er heilög og lifir ekki án minnar verndar.* **Leynd:** *Ein heillandi nótt vekur meiri ánægju en hundrað góðir dagar. Nóttin og ég leyfum unaðinum að lifa.*

Musensohn (Goethe). *Ég hleyp um engi og skóga og flauta lagið mitt. Vetur og sumar þjóta framhjá mér. Drengurinn æsist og stelpan snýr sér við taktfasta laglínu mína. Ó, menntagyðjur, hvenær fæ ég að hvíla í faðmi ykkar.*

Lied eines Schiffers an die Dioskuren (Mayrhofer). *Tvíburastjörnurnar lýsa bátnum mínum. Þið róðið mig á ógnandi hafinu. Þeim er óhætt sem halda sér fast í bjarmasúlur ykkar. Tvíburastjörnurnar á himninum.*

Lydia (Leconte de Lisle). *Fagra Lydia. Kossarnir syngja á vörum þér og nema á brott sálu mína. Ó, Lydia, gef mér aftur lífið svo ég geti dáið, að eilífu.*

Aprés un réve (Romain Bussine). *Ég sá þig í draumi. Við flugum í átt til ljóssins og skýin opnuðu leið fyrir okkur. Leyfðu mér að dreyma og lifa í blekkingu næturinnar.*

Ich grolle nicht (Heine). *Ég sé ekki eftir neinu. Ástin er horfin að eilífu. Þú glitrar af demöntum en það fellur ekki geisli í myrkvað hjarta þitt. Í draumi sá ég slöngu éta hjarta þitt. Ég sé ekki eftir neinu.*

The things our fathers loved. Charles Ives rifjar upp lífið og tónlistina í fæðingarbæ sínum, Danbury. *Það hlýtur að vera til sá staður í sálunni sem er fylltur af lögum gamalla tíma. Hlustið! Ég þekki ekki orðin en lagið syngur í sálunni, frelsið sem feður okkar elskuðu.*

Memories. a) *Mjög ánægjuleg minning. Við sitjum í óperuhúsinu og bíðum eftir að sýningin hefjist. Við flautum og sláum taktinn með trommunum.*

b) *Frekar döpur minning. Frá götunni hljómar gamall og slitinn lagstúfur. Þetta var sætt lag en líka dapurt og virtist hægja á frænda mínum sem hummaði það í vinnunni frá morgni til kvölds.*

Look through the port. Aría Billy Bud úr samnefndri óperu. Billy er um borð á herskipi og hefur verið dæmdur fyrir morð á yfirmanni sínum. Hann býður dauða síns og sér fyrir sér hvernig hann verður hengdur, vafinn í dúk og sökk í hafið. Billy heldur höfðinu hátt og sannfærir sjálfan sig um eigin styrk og ágæti. *Ég er sterkur og ég veit að ég verð áfram sterkur.*

Efnisskrá

John Dowland 1563 – 1626	Come again
Henry Purcell 1659 – 1695	Mystery Secresy
Franz Schubert 1797 – 1828	Musensohn Lied eines Schiffers an die Dioskuren
Gabriel Fauré 1845 – 1924	Lydia Aprés un réve
Charles Edward Ives 1874 – 1954	Ich grolle nicht The things our fathers loved Memories a) very pleasant b) rather sad
Jón Leifs 1899 – 1968	Op.14a. No. 1- Máninn líður No. 2- Vögguvísa
Benjamin Britten 1913 – 1976	Look through the port
W.A Mozart 1756 – 1791	Rivolgete a lui lo sguardo Se vuol ballare
Pyotr Tchaikovsky 1840 – 1893	Serenada Don Zhuana